

JAFNRÉTTISSTEFNA LANDSPÍTALA *

	Kjaramál	Ráðningar	Starfsþróun	Stjórnun og skipulag	Sambætting vinnu- og einkalífs	Starfsumhverfi
Sýn	<p>Framtíðarsýn Landspítala er að fullt jafnrétti ríki á vinnustaðnum. Horft er til ákvæða laga nr. 10/2008 um jafnan rétt kvenna og karla, en stefnt að því að horfa einnig til fleiri bakgrunnspáttá, svo sem uppruna, aldurs og trúarbragða.</p>					
Markmið	<p>Karlar og konur fái sömu laun fyrir sömu eða jafnverðmæt störf, og sama aðgang að greiðslum fyrir persónubundna þætti.</p>	<p>Störf á LSH verði ekki flokkuð sem karla- eða kvennastörf og standi jafnt konum og körlum til boða. Við ráðningar verði leitast við að jafna hlutföll kynjanna, að uppfylltum hæfnisskilyrðum.</p>	<p>Karlar og konur njóti sömu tækifæra til starfsþróunar, símenntunar, endurmenntunar og framgangs í starfi.</p>	<p>Stjórnunarstöður á LSH standi jafnt konum sem körlum til boða. Aðild kynjanna að nefndum og ráðum sé sem jöfnust (eða að lágmarki í samræmi við kynja-samsetningu hópsins sem valið er úr)</p>	<p>Karlar og konur hafi sömu tækifæri til að samræma vinnu og einkalíf, svo sem við fæðingarorlof foreldraorlof, leyfi vegna veikinda barna og annan sveigjanleika vegna fjölskylduábyrgðar. Jafnræði gildi við ákvarðanir um sveigjanlegan vinnutíma.</p>	<p>Karlar og konur njóti sömu tækifæra, réttinda og starfsaðstæðna; þ.m.t. varðandi vinnutíma. Starfsumhverfi LSH sé laust við einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni og ofbeldi.</p>

Ábyrgð á að framfylgja jafnréttisstefnu:

Allir stjórnendur Landspítala, skrifstofa mannauðsmála og mannauðsráðgjafar

* Samp. 15.01.2018, uppfærð og endurskoðuð í samræmi við ábendingar Jafnréttisstofu